

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

2018 – 2019



Virðing – Gleði – Sköpun - Jafnrétti

Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	4
Leiðarljós leikskólans:	5
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	5
2 Um innra mat í leikskólum	5
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra allra deilda um starfið á síðasta ári	10
3 Ytra mat	12
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	13
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku	22
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	24
7 Foreldrasamvinna	25
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>)	26
9 Skipulagsdagar	27
10 Fylgigögn	27
10.1 Matsgögn	27
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	27

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birtir skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmið verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.



Leiðarljós leikskólans:

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Haustið í Geislabaugi byrjaði stíðlega þar sem erfiðlega gekk að ráða fólk til starfa. Við þurftum að fresta inntöku barna á yngstu deildinni allt eftir ráðningu starfsfólks. Öll börn voru komin í hús 1. nóvember þegar búið var að manna yngstu deildina. Leikskólastarfið fór svo allt af rúlla af stað þegar búið var að ráða og nýtt starfsfólk komið inn í starfið.

Leikskólinn er kominn á gott skrið hvað varðar alla umgjörð í kringum leik barna og finnst okkur hann njóta sín vel og börnin eru örugg í sínu umhverfi. Lýðræði og val barna á viðfangsefni gengur mjög vel. Matstofan er greinilega komin til að vera og hefur verið að þróast í rétta átt og er virkilega gaman að sjá hvað hægt er að gera með því að hugsa í lausnum og nýta rýmin sem við höfum. Við sóttum um að verða Heilsuefandi leikskóli og fengum við það staðfest um áramótin. Börnin hafa stundað jóga og einnig hefur verið hlúð að kennurum skólans og þeim boðin Jógakennsla undir stjórn Edithar Gunnarsdóttur, sérkennslustjóra skólans. Töluvert hefur verið gert til þess að efla starfsandann með skemmtilegum viðburðum fyrir utan vinnu. Ef starfsfólki líður vel og er ánægt þá smitast það til barnanna. Einnig verður tekin í notkun ungbarnadeild, Stjarnan. Stjarnan sem var áður deild yngstu barnanna var breytt í ungbarnadeild (smábarnadeild). Deildinni var breytt þannig að nú er hiti kominn í gólf, baðherberginu var breytt og aðstaða þar bætt og ný húsgögn voru keypt. Breyting á starfsumhverfi leikskólanna í borginni hefur hafist og hefur orðið fækkun í okkar skóla úr 118 börnum í 112. Undirbúningstímum kennara fjölgar.

Ingibjörg Eyfells leikskólastjóri lét af störfum í vor vegna aldurs og ég, Þóra Jóna Jónatansdóttir, tók formlega við starfi Leikskólastjóra Geislabaugis 1. ágúst s.l. Ég lít björtum augum á komandi starfsár. Það hefur tekist að fullmanna skólann með flottum hóp starfsmanna. Okkur hlakkar til að takast á við ný og spennandi verkefni og taka á móti 42 nýjum börnum í skólann.

2 Um innra mat í leikskólum

Ýmislegt hefur verið gert til þess að meta leikskólastarfið síðastliðinn vetur. Reglulegt mat fer fram einu sinni í viku á deildarstjórafundum (símat). Þar er farið yfir helstu viðburði og námsþætti liðandi stundar í skólanum og rætt um hvernig hefur gengið og hvað mætti betur fara (gerð umbótaráætlun). Eftir hvern fund er skrifuð fundargerð, henni er dreift á allar deildir hússins og allir starfsmenn lesa hana yfir. Með þessu móti hafa allir tækifæri á að fylgjast með gangi mála og koma með athugasemdir inn á næsta fund. Á vorin höfum við endurmatssdag þar sem allir deildarstjórar og stjórnendur fara saman yfir starfið á liðnum vetri. Í byrjun júní hittust stjórnendur skólans í menningarstöðinni Gerðubergi og gerðu saman endurmat og drög að áherslum næsta skólaárs út frá

gátlistum starfsfólks og umbótaáætlunum. Við fórum yfir námskrá leikskólans, ársáætlun síðasta árs, viðmið og vísbendingar.

2.1 Svæðaleikur og skráningar

Stundum gekk erfiðlega að skipta svæðum milli kennara vegna starfsmannaeklu, það gekk samt betur á eldri deildum því þar eru börnin sjálfstæðari og fara meira sjálf í verkefni. En á yngri deildum er nærvera kennara nauðsynleg og ekki hægt að hafa kennaralaus svæði. Það gekk þó betur þegar líða tók á veturinn. Það skipulag að hafa yngri börnin í fyrirfram ákveðnum hópum áður en útiveran hófst, virkaði vel.

Umhverfið er mikilvægur þáttur í starfi með börnunum og höfum við búið mjög vel að umhverfinu. Í hugmyndafræði Reggio Emilia þá er umhverfið þriðji kennarinn. Börnin vita að hverju þau ganga, umhverfið er örvandi, hvetjandi og býður upp á næg viðfangsefni.

Skráningar hafa ekki gengið nógu vel og er þar um að kenna mögulegu reynsluleysi og ekki gefist tími að kenna nýju starfsfólki. Það gengur betur með fyrirfram ákveðnar skráningar sem fara í ferilmöppur s.s. jólagjafa-, afmælis- og öskudagskráningar. Uppeldisfræðilegar skráningar mættu vera fleiri þar sem er fylgst með leik barna og skráðir styrkleikar og áhugasvið barnanna.

2.2 Umbætur

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Virkja kennara á svæðunum	Gefa kennurum tækifæri á undirbúning	Tími milli 8:30- 9:30 væri hentugur fyrir undirbúning	15. september	Deildarstjórar	Ferilmöppur barnanna skoðaðar, jafnóðum og að vori.	Að það séu til að meðaltali 3-4 skráningar á ári hjá hverju barni
Kenna kennurum ípad skráningar	Að allir geti gert einfaldar skráningar í ipad	Valgerður og Þóra Jóna halda kynningu um skráningar.	22. október verður kynning	Deildarstjórar og Leikskólastjóri	Að vori, endurmats- fundur og könnun.	Ferilmöppur barnanna.

2.3 Söngstund, val milli deilda

Söngstundin hefur verið annan hvorn föstudag í vetur og finnst sumum það vera of sjaldan og að það ætti frekar að vera á hverjum föstudegi. Litlu börnin eiga erfitt með að sitja kyrr en gengur vel hjá þeim sem eru eldri. Það væri gaman að nota meira tákni með tali í lögunum. Stjórnandinn þarf að vera lífandi og láta söngstundina ganga sæmilega hratt fyrir sig og hafa ekki of langa pásu á milli laga.

Börnin eru mjög hrifin af að því fara upp í sal og taka þátt.

Val á milli deilda er mjög vinsælt og finnst börnum almennt gaman að fara á aðrar deildir. Það hentar þó ekki öllum og þá mega þau vera áfram á sinni deild. Við reynum að sjá til þess að systkini geti hist því oft velja þau þá deild sem systkini eru á. Kennarar þurfa því að tala saman milli deilda og leiðbeina börnunum í valinu ef það gengur. Við viljum hafa val á milli deilda á hverjum föstudegi.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipulag söngstundar	Að söngstund gangi vel og verði ánægjuleg	Undirbúa hvað á að syngja og dreifa textum á allar deildir	Að hausti og lokið að vori	Söngstjórar hverju sinni	Að vori með könnun til starfsmanna og barna	Þátttaka barna og gleði í hópnum
Gera nýtt útgöngulag	Að greiðlega gangi að tæma salinn	Fá hugmyndir að útgöngulagi hjá kennurum	Sept-okt	Deildarstjórar	Að vori í endurmati	Skemmtilegt og einfalt lag sem allir geta sungið
Val milli deilda	Allir fari á milli deilda á sama tíma. Starfsfólk skrái skilmerkilega hvert börnin fara.	Byrja stundvíslega kl.9:45	September	Deildarstjórar	Að vori í endurmati	Þetta gangi snuðrulaust og öryggi barna í fyrirrími.



2.4 Útivera

Útisvæðið hefur ekki verið nægilega skemmtilegt í vetur, stórt sár eftir færanlegu kennslustofuna hefur staðið óhreyft allan veturinn og hefur tekið pláss á lóðinni. Lóðin hefur verið illa hirt og óaðlaðandi. Kennarar hafa ekki dreift sér nóg á svæðin og þurfa að vera virkari úti og koma með hugmyndir að leikjum.

Við þurfum að virða útileik barnanna jafn mikið og innileik og fylgjast vel með. Lóðin var hinsvegar tekin í gegn í sumar og skemmtilegar breytingar gerðar á henni. Lóðin er því orðin mun snyrtilegri og fjölbreyttari en hún var. Að vori fóru börnin oft í gönguferðir um hverfið og heimsóttu nærliggjandi slóðir. Yngstu börnin fengu fjórbura kerru á vormánuðum og prófuðu hana. Verður nýja kerran vonandi til þess að hægt verði að fara með allra yngstu börnin í göngutúra til tilbreytingar.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipulag á útisvæðinu	Að kennarar dreifi sér á svæðin og uppfylli öryggiskröfur	Endurgera og aðlaga núverandi skipulag að nýrri lóð.	Verður búið fyrir 1. september	Deildarstjórar	Meta að vori með könnun	Skipulagt útisvæði og að börnin séu örugg og viðvera kennara á sínu svæði

2.5 Matstofan / Eldhús

Gengur mjög vel en alltaf má gera betur. Það hefur aukist grænmeti með matnum en það má vera ennþá meira og alla daga ætti að vera grænmeti í boði. Þar sem við erum heilsueflandi skóli þá á að auka hollt fæði og minnka allan sykur. Það er búið að taka út kanil og sjaldnar sem þau fá rúsínur. Í staðinn fá þau heimatilbúið músli út á hafragrautinn og/eða Ab-mjólkina og kókosblöndu sem þau mega líka setja út á. Börnin fá of lítið að skammta sjálf, matráður ætti að skammta heita matinn og þau að fá að velja meðlætið sjálf. Fjölga þarf klútum til að þurrka sér og þvo eftir matinn. Fækka börnum í fyrsta holli. Það þarf að passa upp á að muna að leyfa afmælisbörnum að velja sér glös og afmælisdiska í matstofunni. Við viljum halda áfram kaffihúsastemmingunni og hafa rólegt yfirbragð. Þetta á að vera notaleg stund og ekki hávaðasöm. Þeir starfsmenn sem ekki eru í matstofunni mega ekki trufla og tala við aðra starfsmenn og þeir eiga að ná sér í mat í eldhúsinu.

Eldhúsið er rekið með miklum sóma og stenst fjárhagsáætlun og má alveg vera með gæða mat. Við höfum verið að fá lífræn epli s.l. vetur. Það mætti gera meira af því að velja gæði.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðar-aðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hljóðvist	Hafa minni hávaða og trufla ekki í matstofunni	Kennarar bæta sig í að fara ekki inn í matstofu ef þeir eiga ekki erindi. Færri börn upp í einu	Strax á haust-mánuðum	Matráður og matstofu-stjóri	Meta að vori	Þægilegt andrúmsloft og vellíðan barna
Fjölbreyttari mat	Hafa grænmeti á hverjum degi	Matráður sér til þess að alltaf sé grænmeti í boði líka þegar það er súpa	Strax á haust-mánuðum	Matráður	Meta að vori spyrja börnin	Handbók lýðheilsustöðvar fyrir mötuneyti skóla-eldhús

2.6 Aldursblöndun barnanna á eldri deildum

Nú höfum við verið með aldursblöndun þar sem 3-6 ára börn hafa verið saman í einn vetur. Kennarar eru sammála um að þeir sjái afar fáa ókosti við það. Skipulagið á deildunum þarf að vera gott t.d. var mjög gott að skipta þeim í tvær samverur og hafa mismundi leshópa eftir getu og aldri. Börnin leika sér milli aldurshópa og þessi eldri hjálpa þeim yngri og yngri læra mikið af þeim eldri. Með þessu fyrirkomulagi þurfa börnin sjaldnar að flytjast á aðra deild og verður því minna álag fyrir vikið. Kennurum fannst mikið álag að fá ný börn hvert einasta ár þannig að nú verður meiri samfella í námi barnanna. Í heildina eru allir ánægðir með þessa blöndun.



2.7 Stutt greinargerð deildarstjóra á Lindinni um starfið á síðasta ári

Við prófuðum að skipta börnunum upp í tvennt til að nýta plássið betur og minnka hávaðann inni á deild. Það gekk vel þegar við fundum hvernig við ættum að hafa útiveruna. Fyrst prófuðum við að fara með annan hópinn út kl. 9, setja síðan hinn hópinn út um kl. 10 en þetta gekk ekki upp. Það var of mikið stress að klæða í og úr en við prófuðum að hafa fyrri hópinn kl. 10 og seinni kl. 13, það gekk mun betur.

Það fóru 2 starfsmenn af deildinni á námskeið um kennslu yngri barna, og fengu þar ákveðnar hugmyndir sem hægt verður að nota næsta vetur. Einnig fór deildastjóri á TMT námskeið sem hefur nýst með börnum sem eru tvítyngd og/eða með seinkaðan málþroska.

Innra mat Lindarinnar

Við vildum skipta hópnum meira niður og okkur tókst það með því til dæmis að skipta útiverunni.

Börnin sem sofa lengi fara út fyrir hádegi og þau börn sem sofa ekki eða stutt fara út eftir hvíld. Við þurfum að bæta svæðaleikinn. Nota spjaldtölvuna meira í skráningar. Hafa efniviðinn aðgengilegri fyrir börnin.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipta hópnum meira niður	Að börnin fái tækifæri að vera í minni hóp og njóta sín betur	Börnunum skipt í 3 litla leikhópa á morgnana fyrir útiveru	Hefst strax eftir aðlögun í september	Deildarstóri	Nýta rýmin á deildinni og hafa fjölbreyttan efnivið í boði	Ánægðari og örugg börn, rólegra umhverfi



2.8 Stutt greinargerð deildarstjóra á Stjörnunni um starfið á síðasta ári

Þar sem seinka þurfti aðlögun barnanna á Stjörnunni allt eftir því hvernig réðist af starfsfólki inn í skólann, var þetta svolítið öðruvísi haust og þínu sundurlaust. Það virtist samt sem áður ekki hafa mikil áhrif á börnin sem betur fer. En að öðru leiti gekk þokkalega vel að halda dagskipulaginu á deildinni. Börnin þroskuðust vel og var mikil samheldni í hópnum. Það bar þó nokkuð á þústrum af og til sem nokkuð eðlilegt er miðað við þennan aldur þar sem allir eru að læra að deila með sér og vera saman í hóp. Með vorinu kom mikill þroskakippur og það kallar á ögrandi verkefni og lestur bóka varð vinsæll.

Innra mat Stjörnunnar

Erum að opna ungarnadeild og börnin yngjast á deildinni. Viljum breyta umhverfinu. Við þurfum að bæta svæðaleikinn. Áhersla á könnunarleikinn með öllum börnunum. Hafa svokölluð JÁ svæði fyrir börnin þar sem umhverfið er skipulagt þannig að það sé við hæfi barnanna og þar af leiðandi minna um boð og bönn. Hafa örvandi efnivið á tilteknum svæðum, s.s. vatnsleikur, sandkar, málning o.fl.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipta hópnum í 3-4 litla hópa	Að börnin fái tækifæri að vera í minni hóp og njóta sín betur	Börnnum skipt í 3 litla leikhópa á morgnanna fyrir útiveru.	Hefst strax eftir aðlögun í september	Deildarstóri	Nýta rýmin á deildinni og hafa fjölbreytan efnivið í boði	Örugg börn í þægilegu umhverfi og kennari sem skipuleggur svæðin
Könnunar leikur	Að börnin kynnist ólíkum og fjölbreyttum efnivið. Örvu skynfærin	Hvert barn fari í könnunarleik einu sinni í viku	Í byrjun september	Deildarstjóri	Mæla fyrir og eftir með skráningum	Skyn og hreyfiproski ungra barna. Uppgötvun á umhverfinu.

2.9 Stutt greinargerð deildarstjóra á Sólinni um starfið á síðasta ári

Við þróuðum svæðaleikinn betur hjá okkur. Þar sem börnin velja sér svæði til þess að vera á í frjálsum leik ásamt ýmsum tilboðum sem kennarar bjóða upp á. Börnin velja sér sjálf svæði og eru þar eins lengi og þau vilja. Þetta gekk vel og fannst okkur börnin stoppa lengur á svæðinu en þau gerðu áður þegar við settum tímaramma á hverju svæði. Það var þægilegt flæði á milli svæða.

Í hádeginu vorum við með litla hóp á læsis verkefnum og gekk það mjög vel, náðum nánast alltaf að hafa þessa hóp og börnin voru ánægð með þetta.

Breyttum mikið umhverfinu inni á deild, þar á meðal græna herberginu. Þar gerðum við vísinda- og stærðfræðisherbergi. Herbergið varð mjög flott og aðgengilegt fyrir alla. Við vorum ekki eins duglegar að fara þar inn og vinna með börnunum og þeim efnivið sem var þar inni. Þau voru meira í frjálsum leik þar inni.

Innra mat á Sólinni

Við vorum mjög ánægðar með þær breytingar sem við gerðum á svæðaleiknum, að börnin velja sér svæði og geta verið þar eins lengi/stutt og þau vilja. Með þessu getur kennari líka haft ákveðinn hóp í verkefnavinnu og boðið ákveðnum börnum á svæði. Það sem má bæta er að hafa fleiri tilboð sem börnin geta valið, kennarar með ákveðna vinnu/þema á svæðum. Einnig að nota stærðfræði og vísindaherbergið meira í vinnu þar sem kennari er með þeim.

Hóparnir í hádeginu heppnuðust mjög vel og ætlum við að halda áfram með þá. Þessir tímar voru nauðsynlegir fyrir alla, kennara og börn þar sem allir áttu góða stund saman í litlum hóp. Þar gafst öllum tækifæri á að tala og vera í læsistengdum verkefnum sem miðaðist út frá ákveðnum aldri. Við viljum gera fleiri skráningar frá daglegu lífi og nota spjaldtölvuna meira.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Fleiri skráningar	Fleiri skráningar sem gerðar eru í daglegu starfi	Að kennarar séu duglegri að nýta þau tækifæri sem gefast t.d. í myndaskráningum	Haut 2018	Allir starfsmenn á deildinni	Alltaf þegar tækifæri gefst	Verklagsreglur um ferilmöppur barnanna
Auka tilboð	Auka við tilboð sem kennarar eru með	Hafa einn til tvo kennara á dag fasta á svæðum fyrir hádeggi	Haut 2018	Deildarstjóri skipuleggur	Hafa skipulag sem kennarar geta séð og vitað hvar þeir eiga að vera hverju sinni	Öruggir kennarar í starfi með börnunum.
Þróa græna herbergið	Halda áfram að þróa græna herbergið. Að herbergið sé með fleiri námsgögn	Hafa efnivið aðgengilegan fyrir börnin og bæta við þann sem fyrir er	Haut 2018 – vor 2019	Deildarstjóri og allt starfsfólk	Allir starfsmenn eru opnir fyrir hugmyndum og verkefnum	Læsis- og vísinda- herbergi sem börnin þróa með okkur.

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra á Lautinni um starfið á síðasta ári

Við þróuðum svæðaleikinn betur hjá okkur. Þar sem börnin völdu sér svæði til þess að vera á í frjálsum leik ásamt kennara. Börnin voru þar fram að ávaxtastund og þá máttu þau skipta um svæði. Þetta gekk vel og fannst okkur börnin stoppa lengur á svæðinu en þau gerðu áður. Það var þægilegt flæði á milli svæða.

Í hádeginu skiptum við börnunum upp í tvo hópa þar sem eldri börnin voru saman í lokuðu herbergi og yngri börnin voru saman í afmörkuðu svæði í aðalrými. Þá var ýmist lesið, sungið eða farið í Lubba (sérstaklega með eldri hópinn). Þetta gekk yfirleitt mjög vel og voru eldri börnin mjög áhugasöm um Lubba.

Umhverfinu inni á deild var breytt að einhverju leyti. Fengum opna hillu með 8 hólfum sem við gátum notað til að stúka af rými fyrir einingakubba en áður var þar lítil bókahilla. Í hilluna settum við leikföng í glæra kassa til þess að auðvelda aðgengi barnanna að þeim.

Það fóru tveir starfsmenn á námskeið á síðasta ári. Deildarstjóri fór á námskeiðið Lesið í leik sem fjallaði m.a. um hvernig hægt sé að efla orðaforða barna með t.d. orðaspjalli, samræðulestri, aukinni tjáningu o.fl. Leiðbeinandi með stuðning fór á Atferlisþjálfunarnámskeið sem og tveggja daga vörðstefnu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem bar heitið: Mátturinn í margbreytileikanum! Einhverfa og skyldar raskanir – þekking og leiðir í þjónustu við börn og ungmenni.

Innra mat Lautin

Við vorum ánægðar með svæðaleikinn hjá okkur en hefðum eflaust mátt gera betur. Hefði mátt vera meiri strúktúr í kringum svæðaleikinn. Meiri þátttaka kennara á svæðunum þá jafnvel með ákveðið þema á hverju svæði sem hægt væri jafnvel að vera með í nokkur skipti.

Hóparnir í hádeginu heppnuðust mjög vel og voru allir ánægðir með þá, bæði kennarar og börn.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markvissari svæðaleikur og þátttaka kennara.	Meiri þátttaka kennara í svæðaleik barnanna.	Með því að skipta barnahópnum í minni hópa eftir aldri og/eða getu. Bjóða kennurum upp á undirbúning fyrir hugmynda- vinnu fyrir svæðaleikinn.	Haust 2018 – vor 2019	Deildastjóri ber ábyrgð og allir starfsmenn deildarinnar framkvæma.	Hafa skipulag sem kennarar geta séð og vitað hvar þeir eiga að vera hverju sinni.	Stuðla að frumkvæði og auknum samskiptum barnanna. Fjölbreyttari verkefni við hæfi hvers og eins
Nýta spjaldtölvuna meira í skráningar	Fá fleiri skráningar úr daglegu starfi.	Með því að virkja kennara til að prófa sig áfram með spjaldtölvuna.	Haust 2018- vor 2019	Starfsmenn deildarinnar.	Að safna skráningum barnanna í ferilmöppur og sjá hversu margar skráningar hvert barn hefur fengið yfir árið.	Einfaldar og aðgengilegar skráningar. Miðað við að hvert barn fái a.m.k. 5 skráningar úr daglegu starfi yfir árið.
Vera með markvissa málörvun fyrir alla og nýta Lubba meira.	Að öll börn á deildinni fá markvissa málörvun og að Lubba efnið sé nýtt vel sem og nýlegt málörvunar- efni frá Lions.	Skipta barna- hópnum í minni hópa eftir getu og/eða aldri. Bjóða kennurum undirbúning til þess að skoða málörvunarefni sem er til og skipuleggja hvern tíma.	Haust 2018- vor 2019	Deildarstjóri ber ábyrgð sem og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Starfsmenn skrá hjá sér hvað var gert í hverjum tíma og hvaða efni var notað.	Að hvert barn fái markvissa málörvun að minnsta kosti 1x í viku.



2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Fjallsins um starfið á síðasta ári

Á Fjallinu þetta skólaárið voru tveir árgangar, elstu börn (2012) og næstelstu (2013). Haustið var töluvert krefjandi til að byrja með vegna manneklu og vöntun á stuðningi inn á deildina. Mikil sérkennsla var á Fjallinu og voru starfsmenn því 6 þrátt fyrir að vera með minnsta rýmið í húsinu. Það var því áskorun að koma öllum börnum auk starfsmönnum fyrir. Fljótlega var ákveðið að hafa útisvæði í boði fyrir hádegi til að létta á deildinni. Tókst það vel til og var það alltaf í boði þegar veður leyfði.

Mikil áhersla var lögð á myndrænt dagskipulag, bæði vegna mikillar sérkennslu og svo tvítyngdra barna. Dagurinn er alltaf settur upp á myndrænu formi í samveru þannig að börnin fá alltaf að vita hvað kemur næst. Skapar þetta öryggi, festu og ramma fyrir öll börnin.

Morgunsamverustundin er helsta samvera dagsins og var mikil áhersla lögð á gæði þessarar stundar. Í morgunsamverunni var oftast lesið fyrir allan hópinn, spjallað og ávextir borðaðir. Mikil áhersla var líka lögð á lestur inni á deildinni og starfsmenn duglegir að lesa fyrir börnin á ýmsum tímum dagsins.

Ákveðið var að hafa svæðaleikinn áfram í því formi sem hann hafði verið veturinn áður. Það eru 4 svæði í boði og börnin völdu sér svæði sem þau voru á allan morguninn. Innan hvers svæðis er svo möguleiki á að skipta um viðfangsefni þannig að börnin hafa alltaf val innan síns svæðis.

Eftir útiveru var svo flæðandi hressing og frjáls leikur inn á deild.

Á fimmtudögum var meistarastarf og skipulögð hreyfistund. Fótboltaæfingar voru fyrir elstu börnin á þriðjudögum.

Innra mat Fjallsins

Fyrirkomulagið á svæðaleiknum hentar vel með tilliti til fjölda barna/starfsfólks og lítils rýmis.

Taka verður tillit til hvers barnahóps fyrir sig og getur vel verið að þó að þetta fyrirkomulag hafi hentað þessum barnahóp gæti þurft að endurskoða það fyrir næsta. Starfsfólk deildarinnar var almennt mjög jákvætt fyrir útiveru og hjálpaði það mikið til þennan veturinn til að létta á deildinni.

Það var gaman að sjá ánægju barnanna með lestur og er það eflaust uppskera þess hversu ríkulegar áherslur voru hjá okkur um bækur.

Frjáls leikur í hádegi og eftir útiveru hentaði deildinni vel og samræmist hann hugmyndafræði Reggio Emilia um virðingu við börnin, að á þau sé hlustað og þau fái rými til sjálfsprotts leiks.

Vegna smæðar deildarinnar er nokkuð ljóst eftir þennan vetur að mikil sérkennsla hentar alls ekki fyrir þetta rými.

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Fleiri skráningar	Fleiri skráningar í ferilmöppur barnanna	Vera duglegar að grípa tækifærin í skráningum	Yfir allan veturinn	Allir starfsmenn	Grípa í iPadinn	Sjá það í ferilmöppum barnanna.
Aukin málörvun	Markviss málörvun aukist í vetur.	Nota Lubba til að mynda við málörvun auk málörvunar efnisins sem til er í leikskólanum	Allur veturinn	Deildastjóri og aðrir starfsmenn	Starfsmaður haldi utanum hvað var gert og hverjir voru með.	Að hvert barn fái markvissa málörvun að minnsta kosti 1x í viku.
Efla sjálfstraust	Efla sjálfstraust í barnahópnum	Virkja börnin í að hafa trú á eigin hæfni	Jan-maí 2019	Starfsmenn á deildinni	Nota salinn í hugrekki- æfingar og virkja þau að tala fyrir framan aðra t.d í samveru	Skrifa niður hvað hvert barn þarf að efla sig í í jan. og aftur maí.

3 Ytra mat

Starfsmannakönnun fór fram í febrúar 2018 á vegum SFS. Helstu niðurstöður eru þær að það er ekki mikil breyting frá fyrri könnun sem var gerð árið 2017. Þeir þættir sem hafa fengið meira skor og hækkað örlítið eru fræðsla og þjálfun og hæfilegt vinnuálag. Einnig hefur jafnrétti og jafnræði batnað svo og starfsandi og viðurkenning í starfi farið örlítið uppávið. Þó svo að það megi bæta enn betur. Þeir þættir sem standa í stað eru starfsánægja, sveigjanleiki í starfi, tilgangur og vinnuaðstaða. Þættir sem hafa farið niður á við miðað við síðustu könnun eru frumkvæði og ímynd, markmið og árangur og móttaka nýrra starfsmanna. Stjórnun hefur lækkað frekar mikið og einnig upplýsingaflæði. Af þessari könnun að dæma eru mörg tækifæri til að gera enn betur og þá sérstaklega hvað varðar stjórnun og móttöku nýrra starfsmanna og upplýsingaflæði. En það vill oft verða þannig að þegar búið er að finna fólk til starfa þá er því oftast hent í djúpu laugina og fær litla aðlögun í starfi. Einnig hvað varðar upplýsingaflæði þá virðist svo vera sem aðferðir sem við notum séu ekki að skila nógu miklum árangri.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Móttaka nýrra starfsmanna	Að nýir starfsmenn finni að þeir séu velkomnir og öruggir á nýja vinnustaðnum	Móttöku-áætlun nýliða sé betur nýtt. Stjórar tileinki sér hana þegar nýr starfsmaður byrjar.	Haustönn og allan veturinn	Stjórnendur og Deildarstjórar	Í starfsmanna samtölum.	Starfsmanna könnun og öruggir og ánægðir starfsmenn.

Stjórnun	Efla traust milli starfsfólks og stjórnanda. Virðing sé höfð að leiðarljósi.	Reglulegar endurgjafir, hlusta á starfsfólk. Hrósa fyrir vel unnin störf. Gefa tækifæri á símenntun.	Allt árið	Leikskólastjóri	Í starfs- þróunar- samtölum og í viðhorfs- könnun.	Starfsmanna könnun. Ánægja í starfi.
Upplýsinga- flæði	Að allir starfsmenn kynni sér hvað er um að vera.	Hvetja starfsfólk að kynna sér fundargerðir. Virkja starfsfólk á work place og gera sérstaka starfsmanna-síðu þar.	Október- desember	Leikskólastjóri og sérkennslustjóri	Í endurmati að vori	Öruggt starfsfólk sem veit hvað skólinn stendur fyrir.



4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Sérstakir stuðningstímar sem leikskólinn hefur fengið úthlutað voru í kringum 33 klukkustundir á dag síðastliðinn vetur. Það eru 6 starfsmenn leikskólans sem sinna því hlutverki. Í vetur hefur eitt barn fengið einhverfugreiningu frá Greiningar-og ráðgjafastöð ríkisins. Þrjú börn eru á einhverfurófinu og eitt í ferli með grun um að vera á einhverfurófinu. Unnið hefur verið markvisst með þau samkvæmt hugmyndafræði atferlisþjálfunar með góðum árangri og miklum framförum. Eitt barn er með þroskaskerðingu og Duchen vöðvarýrnunarsjúkdóm, það barn hefur verið í málörvun, farið í sund og þjálfun á Æfingarstöðinni ásamt því að stuðningur hefur gert teygjur og viðkomandi æfingar í leikskólanum. 14 börn hafa þurft á málörvun á að halda, en einnig höfum við verið að vinna með börn með mikinn hegðunarvanda, athyglisvanda og fleira. Notaðar eru félagsfærnisögur og hvetjandi umbunarkerfi í vinnu með þau börn sem þurfa á því að halda.

Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir þau börn sem það þurftu. Þar var notast við AEPS, EFI-2, HLJÓM-2 og TRAS matslista. Það var sérkennslustjóri sem gerði viðeigandi einstaklingsnámskrár og stundum í samstarfi við hegðunarráðgjafa, sálfræðinga, sérkennsluráðgjafa og talmeinafræðinga. Notast var við einstaklingsnámskrá í málörvun, vinnustundum og öðrum stundum í leikskólanum. Leikskólinn hefur ekki farið þá leið að gera einstaklingsnámskrá fyrir hvern einstakling þar sem haldið er utan um skráningar, teikningar og annað varðandi þroska barnsins. Samskiptabækur voru notaðir fyrir þau börn sem þurftu þess.

Margir teymisfundur voru haldnir bæði með fulltrúum frá Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins og Æfingarstöðinni. Sérkennslustjóri aðstoðaði starfsmenn og stuðningsaðila með fræðslu, ráðgjöf og stuðning.

Umbætur fyrir árið 2017 - 2018 var að meta þroska barna. Það átti að nota EFI-2 og HLJÓM-2. Allir leikskólar í Grafarholti ákváðu að byrja að nota EFI-2 fyrir öll börn til að meta málþroska. Þessu var fylgt eftir hjá okkur og lögðum við EFI-2 fyrir öll börn þegar þau urðu 3,1 - 3,10 ára. Stundum þurfti að leggja prófið fyrir aftur ef það kom illa út. Haft var samband við Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts vegna þeirra barna sem komu illa út eftir seinna skiptið og beðið um talmeinafræðing til nánari skoðunar.

Öll börn sem voru á leið í skóla voru tekin í HLJÓM-2 haustið 2017 og í framhaldi af þeim niðurstöðum voru sum börn sett í málörvunarhópa í HLJÓM-2 ef þau komu illa út úr því. Þau börn voru síðan aftur sett í HLJÓM-2 um vorið.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Málörvun tvítengdra barna	Ráða inn starfsmann sérstaklega í málörvun	Ráða inn starfsmann í hlutastarf	01.09.2018 - 01.07.2019	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri	Safna gögnum yfir veturinn og meta árangur	
Málörvun	Hver deild sér um málörvun inni á deild	Kennarar skipta með sér verkum	Allan veturinn	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Að vori með Tras eða Efi	Börnin samsvari sínum þroska í aldri

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Við ætlum að ráða inn starfsmann í hlutastarf sem á að sjá um alla málörvun í leikskólanum. Þetta mun vera nýtt starf í tímavinnu. En sérkennslustjóri hefur undanfarin ár séð um alla málörvun á leikskólanum. Mikið af málörvunarefni er nú þegar til. Sérkennslustjóri sér um fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks eftir þörfum. Verðum með aðgengilegt lesefni fyrir starfsfólk.

Við erum með Bangsann sem fer heim með einu barni um hverja helgi. Þar upplifir bangsinn heimamenninguna með barninu. Barnið og bangsinn segja frá helginni. Erum með fána á öllum hólum barnanna frá því landi sem barnið er upprunnið frá.

Börnin tala við hvort annað í leik og starfi. Lestur og söngur í samveru á hverjum degi. Við höfum reynt að fylgja 10 mínútna reglunni, sérstaklega fyrir tvítengd börn. Hún gengur út á að talað sé við hvert barn í að minnsta kosti 10 mínútur á dag orðaforðinn eflur með því að setja orða á hluti og athafnir. Í fataherberginu, í frjálsa leiknum, í morgunmatnum og hressingunni svo eitthvað sé nefnt. Erum með lista sem starfsmaður hverra deildar merkir við orðaforða hjá tvítyngdum börnum. Þannig sjáum við framfarir. Þegar börnin verða eldri 2,9 ára fara þau í málþrosakmat Efi-2 og þegar þau eru á síðasta ári í leikskóla fara þau í Hljóm-2 og þar er markvist unnið með hlustun, hljóðkerfisvitund og

ritmál. Við byrjum strax á yngstu deildunum að vinna með hljóðkerfisvitundina með því að setja orð á athafnir og klappa atkvæði. Einnig notum við mikið félagsfærnisögur fyrir tilfinningar og athafnir.

Á aðlögunartímum gefur starfsfólk sér tíma til að kynnast börnum og foreldrum. Unnið er markvisst að því að finna út úr því hvað hentar hverju barni. Pöntum túlk eftir þörfum og reynum að þýða á viðeigandi tungumál mikilvægar upplýsingar. Einnig erum við með fjölbreyttan starfsmannahóp frá ýmsum löndum og höfum við nýtt okkur það sem stuðning fyrir erlendu börnin og í þýðingar á ýmsu efni. Ef tvítyngd börn sýna strax merki um málþroskavanda, fer strax afstað ferli sem sérkennslustjóri hefur umsjón með ásamt þjónustumiðstöð og viðeigandi fagfólki. Við hvetjum forelda til að tala sitt móðurmál heima og barnið fær málörvun á íslensku í leikskólanum.

5 Aðal áherslur næsta skólaárs

Fyrir utan hefðbundið starf í skólanum með áframhaldandi svæðaleik, læsi, hreyfingu, listsköpun og jafnrétti þá verða aðaláherslurnar á umhverfismennt, yngstu börnin og heilsueflingu.

Við ætlum að setja af stað umhverfishóp þar sem í verður starfsfólk og börn og vinna þau sameiginlega að því að gera umhverfið vænna. Flokkun rusls, umgengni við náttúruna, nýting o.fl. Þetta er byrjunin á grænum skrefum sem leiða okkur í átt að grænfánanum.

Börnin eru að yngjast í leikskólanum með tilkomu ungarnadeildar þau yngstu eru 1. árs og á yngstu deildinni verða þau 12 – 18 mánaða næsta vetur. Við viljum því einblína á þennan aldur með fræðslu og ýmsu efni tengt yngsta hópnum. Skoða betur umhverfi þeirra og á fyrsta starfsdegi vetrarins er í skoðun að fá fyrirlesara sem hefur sérhæft sig í yngstu bönunum eins og t.d. Hrönn Pálmadóttur frá Menntavísindasviði H.Í. Einnig viljum við kynna okkur þróunarverkefni í öðrum leikskólum þar sem fjallað hefur verið um yngstu börnin t.d. *Skína smástjörnur* frá leikskólanum Björtuhlíð.

Svo er það Heilsueflingin bæði fyrir starfsfólk og börnin. Við byrjum haustið á hópefli með starfsmannahópnum og förum í stóra gönguferð. Það verður löggð áhersla á geðheilbrigði, jóga verður í boði fyrir börn og starfsfólk undir handleiðslu Edithar Gunnarsdóttur sem er lærður jógakennari og starfar hjá okkur sem sérkennslustjóri. Matarmenning verður skoðuð vel með matráði skólans. Einnig er stefnt að því að fara í námsferð og ráðstefnu á vegum *Leikur að læra* sem er námsefni tengt hreyfingu. Við viljum einnig kanna áhuga foreldra á danskennslu fyrir 3-4 ára börnin.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Skipulögð starfsþróunarsamtöl eru a.m.k. einu sinni á ári, í febrúar og mars. Hver starfsmaður fær klukkustund með skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra, þar sem unnið er samkvæmt verklagsreglum útgefnum af Starfsmannabjónustu Reykjavíkurborgar. Að öðru leyti eru samskipti skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við alla starfmenn opin og hreinskiptin. Rík áhersla er lögð á mikilvægi góðra samskipta milli allra starfsmanna.

Símenntun fór fram í formi fyrirlestra og námskeiða sem ýmist var haldið hér á skipulagsdögum eða annars staðar. Á fyrsta skipulagsdegi í september var farið í að skipuleggja vetrarstarfið út frá starfsáætlun skólans. Í október fóru allir starfsmenn á Menntakviku hjá Menntavísindasviði þar sem fullt af skemmtilegum málstofum voru í boði. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri héldu utanum eina málstofuna þar sem þær kynntu þróunarverkefnið okkar um jafnrétti. Nú skal segja. Við fengum Þórunni Sæunni Úlfarsdóttur til okkar sem kynnti málörvun og málrækt í leikskólastarfi.

Þá kom einnig Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, kynjafræðingur, og hélt fyrirlestur sem hún nefndi *Þögnin er aldrei hlutlaus / Jafnréttismenntun*.

Í nóvember var sameiginlegur skipulagsdagur með öllum starfsstöðvum í Grafarholti fyrir hádegi. Gátu starfsmenn valið sér málstofu sem fjallaði um læsi. En við höfum verið í þróunarverkefni með skólunum í hverfinu sem gengur út á það að efla læsi í skólunum. Verkefnið heitir *Já það er gott að lesa*.

Á vormánuðum vorum við með sameiginlegan starfsdag með Reynisholti hálfan daginn þar sem Pálmar Ragnarsson hélt fyrirlestur um jákvæð samskipti.

Herdís Storegaard var með skyndihjálparnámskeið fyrir allan hópinn í maí. Við fórum í vettvangsheimsóknir í leikskóla í Kópavogi, Fífusali og Dal. Þar var aðaláherslan að skoða yngstu barna deildir og fengum við góðar hugmyndir í farteskið. Nokkrir kennarar skoðuðu líka leikskólann Blásali sem er með ungarnadeild og fengu einhverjar hugmyndir þaðan.

Trúnaðarmaður Eflingar sótti Trúnaðarmanna ráðstefnu sem haldin var í vor.

Þá fóru þrír kennara á ársráðstefnu Greiningarstöðvarinnar sem að þessu sinni bar heitið: *Mátturinn í margbreytileikanum*. Einn kennari fór á tveggja daga námskeið í atferlisþjálfun. Deildarstjóri og sérkennslustjóri sóttu námskeið sem haldið var á vegum SFS *Lesið í leik* það fjallaði um hvernig er hægt að efla orðaforða með orðaspjalli, samræðulestri ofl.

7 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð er starfandi við skólann og eru þrír fulltrúar í ráðinu. Þeir eru kosnir á aðalfundi ár hvert sem haldinn er í október. Þeir fara yfir ársáætlanir og gefa umsögn. Einnig hefur sumarlokunin verið kynnt þeim til samþykktar.
- Foreldrafundir eru að hausti oftast í október og þá er jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins. Einnig eru kallaðir til fundir ef einhverjar mikilvægar breytingar eiga sér stað.
- Það er boðið upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári í nóvember og apríl.
- Foreldrafélagið hefur í góðri samvinnu við okkur séð um sveitaferð skólans og jólaföndur á hverju ári. Einnig hafa þau stutt skólann með gjöfum s.s. myndavélum, leikföngum og öðru sem nýst hefur vel. Boðið upp á leiksýningar, tónleika o.fl.



8 Samstarf leik- og grunnskóla (Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna)

- Sæmundarskóli og Ingunnarskóli eru hverfissskólar Geislabaugu og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans haustið 2004. Elstu börnin fara einu sinni í mánuði í heimsóknir yfir veturinn og kynnst umhverfi og starfsfólki skólans sem þau verða nemendur í. Á degi íslenskrar tungu koma nemendur úr Ingunnarskóla og lesa upp úr bókum fyrir börnin í Geislabaugi.
- Á haustmánuðum hittast fulltrúar beggja skólastiga og endurmeta og skipuleggja samstarfið. Einnig koma kennarar í fyrsta bekk grunnskóla til okkar á vorin og fara yfir öll börnin sem eru væntanleg til þeirra. Raða í bekk og eru svo með sérstakan fund er varða öll sérkennslubörn.
- Allir skólar og frístundaheimili í Grafarholti og Úlfarsárdal unnu að þróunarverkefni um læsi veturinn 2016-2017. Því verkefni var ætlað að efla samræðu og skilning á starfsháttum og námi barna. Skólastjórnendur hittust vorið 2016 til að skipuleggja verkefnið. Haldinn var sameiginlegur skipulagsdagur þar sem starfsmenn gátu valið sér námskeið og fyrirlestra þvert á skóla og skólastig. Einnig voru fræðslu og samvinnufundir skipulagðir fyrir hópa þvert á skólana. Mikil samvinna var við Miðju máls og læsis. Þetta verkefni er upphafið að samstarfsáætlun leik- og grunnskóla um mál og læsi og er stefnt á að hún verði tilbúin haustið 2018. Skipulögð hefur verið sameiginleg skemmtun fyrir allar starfstöðvarnar 16 nóvember n.k. þar verður kynnt nánar útkoman úr þessari læsisáætlun okkar allra og hvaða viðmið eru notuð í þessum öllum skólum til að skima fyrir.



9 Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar skólaárið 2018-2019 verða: 21. september, 22. október (sama dag og skólarnir), 7. febrúar, en þá er ráðstefna á vegum SFS sem við ætlum að sækja, síðan eru þrír skipulagsdagar nýttir í náms og vettvangsferð kennara sem farið verður í vor en það eru 11.-13. júní, dagarnir eftir hvítasunnuhelgina.

10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

10.3 Áætlun vegna samstarfs við grunnskólann

F. h. Leikskólans Geislabaugs,

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2018 – 2019

Geislabaugur

Umsögn foreldraráðs

Mannekle leikskólans varð vart í Geislabaugi fráfarandi vetur.

Unnið var markvist að því að fullmanna skólann og meðal aðgerða var að stytta opnunartíma skólans frá 17:00-16:30. Það virðist hafa gengið ágætlega.

Sal skólans var breytt í matstofu (hádegismat) fyrir eldri deildir skólans og hefur það gengið svo vel að það fyrirkomulag er komið til að vera. Börnin eru fljót að læra að bjarga sér og verða mun sjálfstæðari fyrir vikið. Börn af mismunandi deildum eru í salnum hverju sinni og ná þau að blandast og hitta systkini sín á þessum tíma.

Áhersla á að alltaf sé grænmeti í boði og að minnka sykurlæsi er jákvæð þróun.

Lóð leikskólans var vægast sagt til skammar síðasta vetur og mikið verk fyrir kennara skólans að halda henni slysalausri. Lóðin var tekin í gegn í sumar og er það til mikilla bóta.

Sér afgirt svæði fyrir yngstu börnin var sett upp og hjálpar það starfsmönnum að hafa yfirumsjón með þeim yngstu.

Norður garðinn þarf þó að skipuleggja betur og nýta það svæði betur.

Upplýsingar til foreldra mættu vera meiri og jafnvel óformlegri, en með nýjum persónuverndalögum verður það verk væntanlega meira krefjandi.

Starfsfólk skólans kemur vel fyrir og virðist ganga ágætlega að halda í þann góða hóp sem kominn er.

Skólinn þurfti að sjá á eftir þeim karlkennurum sem voru í starfi skólans.

Nauðsynlegt er að leikskólinn stefni markvist að því að fjölga menntuðum leikskólakennurum og jafna hlut kynjanna.

Ljóst er að auka þarf starfsánægju meðal starfsmanna og taka betur á móti nýjum starfsmönnum.

Óánægja með stjórnun er bagaleg og ljóst að nýjum leikskólastjóra bíða áskoranir er það varðar.

Sú heilsuefning sem búin er að vera í gangi og ætlunin er að auka er jákvæð og frábært ef hægt yrði að koma að danskennslu eins og nefnt er. En danskennslan ætti að vera í boði fyrir 3 ára og uppúr en ekki bara 3-4 ára.


Á heildina litið er starfið í Geislabaugi gott, alltaf má þó bæta og leggja kennarar og stjórnendur skólans sig fram við að þróa og bæta starfið öllum til gagns.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Axel Helgason



Garðar Kristinsson



Kristín Harðardóttir

